



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartúni 33
105 Reykjavík

30. janúar 2026

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats í grunnskólum.

Starfsfólk skrifstofu menntasviðs Reykjanesbæjar fagnar drögum að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats sem nú hillir loks undir, en vill á sama tíma gera athugasemd við það ákvæði í reglugerðardrögunum sem kveður á um opinbera birtingu niðurstaðna einstakra skóla. Teljum við slíka birtingu ganga í berhöggi við þá hugmyndafræði sem starfshópur mennta- og barnamálaráðherra lagði til grundvallar við mótnun Matsferilsins, nýs námsmatskerfis fyrir íslenskt skólakerfi.

Hugmyndafræði Matsferils byggir á trausti og umbótamiðaðri notkun gagna

Í skýrslu starfshóps um framtíð samræmds námsmats (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2020) er skýrt kveðið á um að niðurstöður námsmats eigi að nýtast kennurum, skólastjórnendum og fræðslufyrirvöldum til að bæta skólastarf, en ekki að vera notaðar í samanburði milli skóla eða sveitarfélaga á opinberum vettvangi.

„Starfshópurinn leggur til að ... ekki verði heimilt að birta opinberlega niðurstöður einstakra skóla eða sveitarfélaga né samanburð þeirra á milli. ... Á þennan hátt verði lögð áhersla á að niðurstöður úr Matsferlinum verði eingöngu ætlaðar þeim sem þær gagnast í umbótaskyni“ (bls. 13–14).

Þessi afstaða er meðal annars byggð á víðtæku samráði, þar sem kom fram almenn óánægja með hvernig niðurstöður samræmdra prófa hafa verið birtar og túlkaðar.

„Í samtölum við gesti á fundum með starfshópnum kom margt fram sem samstaða virtist ríkja um. Meðal þess var almenn óánægja með opinbera umfjöllun um niðurstöður prófanna þar sem einstakir skólar og sveitarfélög eru borin saman“ (bls. 6).

Það er að okkar mati byggt á misskilningi að opinber birting niðurstaðna stuðli að auknu jafnræði eða umbótum í skólastarfi. Reynslan, bæði hér á Íslandi og víðar í heiminum, hefur hins vegar sýnt að slíkur samanburður sé líklegur til að:

- Ýta undir ósanngjarnt mat á skólum sem starfa við ólíkar félagslegar og efnahagslegar aðstæður.
- Verða til þess að kennarar og skólar einblíni á að „kenna fyrir prófið“ með tilheyrandi þrengingu námskrár og fábreyttra kennsluhátta.
- Grafa undan trausti á námsmati sem stuðningstæki til umbóta innan skólakerfisins.

Starfshópurinn, sem vann skýrsluna *Framtíðarstefna um samræmt námsmat*, vitnaði enn fremur til fyrirmynda frá Finnlandi, Belgíu, Slóveníu og fleiri Evrópulöndum þar sem slíkur samanburður er ekki leyfður opinberlega. Í Danmörku má t.d. aðeins birta landsmeðaltöl, en ekki niðurstöður einstakra skóla.

Í tillögu starfshópsins (tillaga nr. 5) segir að aðgangur að niðurstöðum námsmats í Matsferli þurfi að vera vel skilgreindur og opinber birting takmörkuð. Skólar eigi að hafa fullan aðgang að eigin niðurstöðum, sveitarfélög að hafa aðgang að niðurstöðum sinna skóla og menntayfirvöld að fá aðgang að samantektargögnum til að nýta fyrir heildarstefnumótun í menntamálum.

Með því er tryggt að niðurstöður nýtist til umbóta en verði ekki nýttar í samanburðarlegum tilgangi í fjölmiðlum eða pólitískri umræðu byggt á misvísandi túlkun gagna.

Við leggjum til að reglugerðardrögin verði endurskoðuð þannig að opinber birting niðurstaðna einstakra skóla verði felld út úr grein 11 og í staðinn verði aðeins birtar niðurstöður á landsvísu, eftir árgangi, án þess að unnt sé að rekja þær til tiltekinna skóla eða sveitarfélaga. Við tökum jafnframt undir þær athugasemdir, sem koma m.a. fram í umsögnum skólastjóra í Reykjanesbæ og Félags um menntarannsóknir, að tilgangur opinberrar birtingar fyrir einstaka skóla og árganga sé bæði óljós og í mótsögn við markmið laga um samræmt námsmat. Við styðjum þær áherslur að niðurstöður verði nýttar til að efla skólastarf innan hvernar einingar/skólasamfélags en ekki til opinberrar röðunar sem hefur óljóst markmið og enga skýra tengingu við umbótastarf í skólum.

Að lokum

Við leggjum ríka áherslu á að niðurstöður Matsferils eigi fyrst og fremst að nýtast innan skólakerfisins til að auka gæði náms og styðja við nemendur, en ekki til opinberrar röðunar skóla. Jafnframt er mikilvægt að muna að samræmt námsmat er aðeins einn mælikvarði og gefur takmarkaða mynd af fjölbreyttu og víðtæku starfi skóla.

Opinber birting niðurstaðna einstakra skóla er enn fremur ekki í samræmi við þá menntastefnu sem Matsferillinn á að endurspegla og ekki til þess fallinn að ýta undir traust og fagmennsku sem nýtt námsmatskerfi byggir á.

Helgi Arnarson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjanesbæjar.

Heimildir:

[Drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats í grunnskólum](#)

[Framtíðarstefna um samræmt námsmat \(skýrsla starfshóps\)](#)